

Hafnarfirði, 23. ágúst 2021

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn!

Skólastarfið fór vel af stað og var einstaklega ánægjulegt að finna gleðina sem ríkti í skólanum þessa fyrstu daga á nýrri önn. Nú er töflubreytingum lokið og það er von okkar að allir nemendur séu komnir í áfanga sem hæfir námsstöðu þeirra og áhugasviði. Að þessu sögðu þá langar mig til að hvetja ykkur til að halda vel utan um námið. Við vitum ekki hvenær aðstæður geta breyst og því er mikilvægt að mæta og fylgjast vel með strax frá upphafi, styðjast við námsáætlanir sem má finna í INNU og fyrirhæli um heimanám og þá farnast ykkur vel í námi.

Nokkur atriði sem vert er að minna á í byrjun annar:

Öfluga nemendapjónustu skólans sem getur leiðbeint og stutt við nemendur í námi, sjá nánari upplýsingar um m.a. viðtalstíma á heimasíðu skólans. Þá er vert að minna á mikilvægi þess að skila inn gögnum er varða námserfiðleika nemenda.

Útskriftarefni þurfa að bóka tíma hjá námsferilsstjóra, svo hægt sé að fara yfir námsferla og þar með staðfesta útskrift í desember. Allar upplýsingar má sjá á heimasíðu og á skrifstofu skólans.

Mötuneyti nemenda er bundið fjöldatakmörkunum en er þó opið og býður áfram upp á léttan og aðgengilegan kost. **Bóksalan** verður opin áfram í frímínútum og í matarhléi. Nýtt **ritver** fer af stað í vikunni en þar geta nemendur fengið leiðbeiningar og ráðgjöf við hvers konar fræðileg skrif sem og leiðsögn um vinnubrögð og frágang verkefna.

Góðar sóttvarnir – handþvottur, sprittun, fjarlægðarmörk og **grímuskyldu**. Þannig getum við haldið skólastarfinu gangandi. Þá er vert að minna á **góða umgengni í stofum og í matsal skólans**.

Veikindaskráning fer fram í INNU. Ef foreldrar tilkynna veikindi þá þarf ekki að staðfesta þau frekar en ef nemandi tilkynnir veikindi sjálfur þá þurfa foreldrar að staðfesta það með viðeigandi vottorði (sjá eyðublað á heimasíðu skólans) eða með staðfestingu læknis. Athugið að enn er mikilvægt að tilkynna **COVID-19 smit** beint til skólastjórnenda/skrifstofu, sjá nánar um verkferla á heimasíðu skólans.

Gangi ykkur vel!

Erla Sigríður Ragnarsdóttir,
skólameistari Flensborgarskólans í Hafnarfirði